



Skýrsla sveitarstjóra fyrir sveitarstjórnarfund 1178 1. mars 2011

Um þessar mundir eru átta mánuðir síðan ný sveitarstjórn tók við í Strandabyggð og sex mánuðir síðan undirrituð tók við starfi sveitarstjóra. Á þessum mánuðum höfum við fengið mikilvægt tækifæri til að kynna hagsmunum íbúa Strandabyggðar og starfsemi sveitarfélagsins nánar. Það hefur verið ánægjulegt að ræða við íbúa og starfsfólk í stofnunum og nefndum á vegum Strandabyggðar og finna fyrir bæði metnaði og áhuga á þróun og uppbyggingu samfélagsins. Þetta hefur verið lærdómsríkur tími og ljóst að þannig verður það áfram, enda mikilvægt að starfsemi sveitarfélagsins sé í stöðugri þróun og endurskoðun.

Virk skoðanaskipti þar sem dregnar eru fram ólíkar hliðar á málum áður en ákvarðanir eru teknar er farsæl leið til framfara. Slík skoðanaskipti viljum við eiga sem oftast við íbúa Strandabyggðar, hvort sem er á skipulögðum fundum, í óformlegu spjalli eða með því að taka við erindum til nefnda og sveitarstjórnar. Við hvetjum ykkur eindregið til að láta í ykkur heyra varðandi þá þætti sem þið eruð ánægð með í sveitarfélaginu og benda okkur á það sem betur má gera.

Til upplýsingar fyrir íbúa verður hér farið lauslega yfir helstu verkefni sem sveitarstjórnarfólk og starfsfólk Strandabyggðar hefur unnið að undanfarna mánuði.

Atvinnu- og hafnarmál

- Breytingar gerðar á hafnarreglugerð Hólmavíkurhafnar, er í innleiðingu
- Breytingar gerðar á gjaldskrá fyrir Hólmavíkurhöfn, er í innleiðingu
- Óskað eftir að viðgerðir á Hólmavíkurhöfn komist sem fyrst inn á samgönguáætlun
- Unnið er að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið Strandabyggð
- Unnið er að uppsetningu veislu- og framleiðslueldhúss í Félagsheimilinu á Hólmavík
- Óskað eftir að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða geri tilboð í úttekt og stefnumótun í atvinnumálum í samstarfi við Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og Reykhólahrepp
- Dómsmálaráðherra ritað bréf vegna fækkunar starfa við Sýslumannsembættið á Hólmavík
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ritað bréf og óskað eftir aukningu við ýsukvóta og að liðkað verði fyrir framsali

Byggingar-, umferðar-, og skipulagsmál

- Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2020 er á lokastigi
- Deiliskipulag um urðunarstað í Skeljavík er í auglýsingu
- Gámasvæði í Skothúsvík gert tilbúið - er í innleiðingu
- Geymslusvæði í undirbúningi



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANÐI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

- Tekið hefur verið við tillögum frá íbúum um bætt umferðaröryggi
- Yfirlag lagt yfir Vitabraut og plan fyrir framan Grunn- og Tónskóla Hólmavíkur
- Hækkanir og leiðréttingar á fasteignagjöldum
- Húsnæðismál:
 - o Skrifstofuhúsnæði að Hafnarbraut 19 endurbætt og sett í útleigu sem íbúðarhúsnæði
 - o Úttekt á öllu íbúðarhúsnæði í eigu Strandabyggðar lokið og viðhald hafið
 - o Hækkanir á leiguverði íbúðarhúsnæðis í eigu Strandabyggðar frá og með 1. maí 2011
 - o Viðræðunefnd á vegum Strandabyggðar er að skoða möguleika á samstarfi við fasteignafélagið Hornsteina um byggingu íbúða á Hólmavík
- Þingmönnum norðvesturkjördæmis ritað bréf þar sem óskað er eftir stuðningi við frumvarp um niðurfellingu vsk á varmadælum

Fræðslumál

- Leikskólinn Lækjarbrekka
 - o Nýr leikskólastjóri ráðinn á leikskólann Lækjarbrekku
 - o Biðlistum veturinn 2010-2011 eytt
- Grunn- og Tónskóli Hólmavíkur
 - o Unnið að innra mati og þróun skólastarfs
 - o Unnið að úttekt á sérkennslu
 - o Skólaskjóli lokað á föstudögum vegna lítillar eftirspurnar
- Breytingar gerðar á gjaldskrá leikskóla, heimanáms, Skólaskjólís og Tónskóla Hólmavíkur.
- Reglur um námsleyfi starfsfólks Strandabyggðar eru í vinnslu

Landbúnaðar- og dreifbýlismál

- Viðhald á réttum
- Íbúafundur um hagsmuni íbúa í dreifbýli Strandabyggðar – í undirbúningi

Tómstunda-, íþróttar- og menningarmál

- Ráðið í nýtt starf tómstundafulltrúa Strandabyggðar
- Sameining Menningarmálanefndar og Íþróttar- og tómstundanefndar í eina Tómsunda-, íþróttar- og menningarnefnd
- Frítt í sund fyrir börn, öryrkja, aldraða og atvinnuleitendur í Strandabyggð
- Minnkaður opnunartími íþróttamiðstöðvar yfir vetrartíma í hagræðingarskyni
- Tillögum safnað frá íbúum og velunnurum Strandabyggðar um endurbætur á tjaldsvæði
- Fulltrúar Strandabyggðar fóru í vinabæjarheimsókn til Hole í Noregi og Årslev í Danmörku s.l. haust.

Umhverfis- og náttúruverndarmál

- Sveitarfélagi Strandabyggð lagði fram tillögu fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða um að Vestfirðir sæki um umhverfisvottunina Earth Check



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

- Sveitarfélagið Strandabyggð samþykkti stækkun á flokkunarstöð Sorpsamlags Strandasýslu til að auka þjónustu við íbúa og efla flokkun sorps á svæðinu

Velferðarnefnd

- Stofnuð sameiginleg félagsþjónusta Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps
- Ráðið í nýtt starf félagsmálastjóra Stranda og Reykhólahrepps
- Félagsmálanefnd Strandabyggðar lögð niður og búin til ein sameiginleg Velferðarnefnd Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps

Skrifstofa Strandabyggðar

- Skrifstofa flutt frá Hafnarbraut 19 í húsnæði Þróunarsetursins að Höfðagötu 3
- 50% starf fulltrúa tekið upp að nýju á skrifstofu Strandabyggðar
- Rafrænir launaseðlar teknir í notkun
- Rafræn fundarboð nefnda og sveitarstjórnar tekin í notkun
- Tölvukerfi yfirfarin og gögn færð til í hýsingu
- Erindakerfið One Systems keypt, innleiðing stendur yfir
- Íbúafundur haldinn í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2011
- Fjárhagsáætlanagerð í samstarfi við stjórnendur stofnanna
- Unnið að hagræðingu í öllum stofnunum sveitarfélagsins, áframhaldandi vinna
- Vefsíða Strandabyggðar, áframhaldandi þróun og aukið upplýsingaflæði
- Unnið er að uppfærslu á staðardagskrá Strandabyggðar í öllum nefndum sveitarfélagsins
- Farið yfir fasteignaálagningu og leiðréttingar gerðar í samræmi við skráningu í Fasteignaskrá ríkisins

Fundir með samstarfsaðilum

Fundað hefur verið með fjölda hagsmunaaðila sem og sveitarstjórnarfólki í nágretta-sveitarfélögum á þessum tíma, má þar m.a. nefna að Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið á Hólmavík í september 2010.

*F.h. Strandabyggðar,
Ingibjörg Valgeirsdóttir
sveitarstjóri*